

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Ölfusi.

*Deiliskipulag fyrir Grímslækjarheiði í Ölfusi.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarráð Ölfuss 30. júní 2022, deiliskipulag fyrir Grímslækjarheiði í Ölfusi.

Skipulagið nær til lóða á Grímslækjarheiði austur af Bolasteini og kemur í stað eldra skipulags sem fellur úr gildi við gildistöku þess skipulags sem hér um ræðir. Settir eru skilmálar fyrir lóðirnar á skipulagssvæðinu sem íbúðarlóðir í samræmi við aðalskipulag.

Deiliskipulag þetta hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Við gildistöku deiliskipulagsins fellur eldra deiliskipulag fyrir Grímslækjarheiði frá árinu 1995 úr gildi. Eldra skipulagið fjallaði um frístundabyggð á svæðinu.

*Þorlákshöfn, 13. júlí 2022.*

**Gunnlaugur Jónasson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfudagur: 14. júlí 2022